



**Leikskólinn Brimver - Æskukot**

b.t. Sigríðar Birnu

**Túngata 39, Eyrarbakka**

**Blómsturvellir 5, Stokkseyri**

Reykjavík, 14. mars 2016

**Efni: Vegna Grænfánaúttektar 9. mars sl.**

Kæra Sigríður Birna,

Bestu þakkir fyrir góðar móttökur í úttektinni. Hér að neðan er endurgjöf til ykkar ásamt niðurstöðum úttektarinnar.

Okkur langar að byrja á að nefna að við hjá Landvernd erum búin að taka út starf okkar í Skólum á grænni grein og endurmeta það til að gera verkefnið markvissara og styðja betur við starf skólanna. Við höfum unnið mikið í að bæta upplýsingaflæði frá okkur og að gera vinnulagið skýrara.

Hér á eftir fer stutt yfirlit yfir helstu nýjungar sem þróaðar hafa verið og ættu að auðvelda skólum ferlið og við kynntum á landshlutafundum s.l. haust, hægt er að smella á hvern lið til að nálgast upplýsingar:

- [Nýtt umhverfismat](#)
- [Markmiðssetningareyðublað](#)
- [Verkefnakista](#)
- Matsblað fyrir úttektaraðila – sjá viðhengi

Þar sem við erum að innleiða nýjungarnar um þessar mundir metum við umsóknir sem koma inn með tilliti til þeirra. Við viljum gefa skólum tækifæri til að prófa þessar nýjungar með aðstoð okkar. Hér á eftir fer endurgjöf á því starfi sem þið hafið unnið s.l. tvö ár ásamt tillögu frá okkur um hvernig hægt væri að bæta vinnu ykkar innan Grænfánaverkefnisins.

Þið unnuð með þemun úrgang og lýðheilsu á tímabilinu.

## Markmið:

1. markmið: *Mikilvægi þess að hugsa vel um heilsu sína og heilbrigði*

Hvernig tókst til: Vel tókst til. Börnin eru reglulega frædd um mikilvægi þess að hugsa um heilsu sína og heilbrigði og er það gert með ýmsum hætti, bæði innan deildar auk þess sem elstu börnin hittast reglulega á umhverfisnefndarfundum í grunnskólanum. Börnin voru jafnframt frædd um líkamann, hvernig hann starfar og hvers hann þarfnast. Þetta var gert með skemmtilegum og lærdómsríkum hætti í gegnum hinar ýmsu bækur og önnur námsgögn.

2. markmið: *Að efla sjálfsvirðingu og virðingu fyrir náunganum*

Hvernig tókst til: Vel tókst til. Gaman hvernig börnin fengu fræðslu um sjálfsvirðingu m.a. í gegnum bókina *Kroppurinn er kraftaverk* sem er vel til þess fallin að kenna um þessa hluti. Þau voru vel með á nótunum þegar rætt var um þessi mál við þau í úttektinni.

3. markmið: *Hvernig umhverfi, lífsvenjur og fæða hafa áhrif á heilsu og heilbrigði*

Hvernig tókst til: Vel tókst til. Skólinn starfar í samræmi við ráðleggingar frá Landlæknisembættinu varðandi fæðu og hvetur nemendur til heilbrigðra lífshátta.

4. markmið: *Hvernig umgengni okkar við náttúru og umhverfi hefur áhrif á heilsu og heilbrigði*

Hvernig tókst til: Skólinn stendur sig vel í að bæta umgengni við náttúru t.d. með því að flokka það sem til fellur og gefa matarafganga í hæsnafóður. Símtal eftir úttekt leiddi í ljós að skólinn hefur tekið úrgangsmál enn fastari tökum og hefur aukið flokkun í eldhúsi og minnkað tunnu fyrir almennt rusl, sem er mjög gott.

5. markmið: *Að auka virðingu gagnvart náttúru og umhverfi*

Hvernig tókst til: Elstu börnin taka virkan þátt í umhverfisstarfinu og fá fræðslu um ofantalin atriði á umhverfisnefndarfundum og í daglegu starfi. Í spjalli við börnin skein í gegn væntumþykja og virðing gagnvart umhverfinu.

## Samantekt markmiða:

Skólinn uppfyllti þau markmið sem hann setti sér. Sjá nánari umfjöllun um markmiðin hér að neðan.

## Vinna við skrefin sjö:

1. Umhverfisnefnd:

Í umhverfisnefnd eru elstu nemendur skólans, samtals 11 börn frá báðum starfsstöðvum sem hittast einu sinni í viku á bókasafni grunnskólans. Tengiliðir starfsmanna við umhverfisnefnd eru Sigríður Birna, leikskólastjóri, Hafdís Heiða, verkefnisstjóri sem er deildarstjóri á Brimveri auk deildarstjóra í Æskukoti. Mjög vel er að þessu staðið og gaman að nemendur beggja starfsstöðva hittist reglulega til að ræða þessi mál. Ein ábending til ykkar gæti þó verið að bæta í umhverfisnefnd starfsmanna, t.d. gæti matráður á báðum starfsstöðvum verið með í nefndinni og

jafnvel einn starfsmaður til viðbótar á hverjum stað. Þannig myndi breiddin aukast í nefndinni og ábyrgðin dreifast. Gott væri ef umhverfisnefnd starfsmanna myndi hittast reglulega, t.d. þrisvar á önn, og ræða starfið, hvernig gengur að framfylgja markmiðunum o.s.frv.

## 2. Mat á stöðu umhverfismála

Frábært að þið notuð nýja umhverfismatið fyrir þemað úrgang við að meta stöðu umhverfismála og var sérstaklega gaman að sjá hvernig til tókst. Gott að gera þetta á báðum starfsstöðfum, líkt og þið gerðuð. Mjög gaman að sjá hvað börnin voru virk í að koma með hugmyndir að úrbótum. Þar sem lýðheilsumatið er ekki tilbúið var ekki hægt að meta stöðuna með sama hætti en það ætti að koma inn á næstu vikum.

## 3. Áætlun um aðgerðir og markmið

Vel tókst að framfylgja þeim markmiðum sem skólinn setti sér. Gaman væri að sjá þau markmið sem þið setjið ykkur fyrir næsta tímabil upp sett í markmiðssetningareyðublaðinu (sjá hlekk hér að ofan), það auðveldar utanumhald og eftirfylgni með markmiðunum. Það er tilvalið að leyfa sem flestum að koma að því að setja ný markmið, bæði nemendur og starfsfólk. Gott er að nota umhverfismatið sem verið er að útbúa til að setja sér markmið, þá sést hvar skólinn þarf að taka sig á í hverju þema.

## 4. Eftirlit og endurmat

Vel virðist staðið að eftirliti og endurmati á markmiðunum en það er gert á umhverfisnefndarfundum. Eins og fram kom í umræðu um fyrsta skrefið þá væri æskilegt ef einnig væri starfandi umhverfisnefnd starfsmanna, sú nefnd kæmi þá að því að endurmeta hvernig tekst að framfylgja markmiðunum.

## 5. Námssefnisgerð og tenging við aðalnámskrá

Mjög vel er staðið að námssefnisgerð í tengslum við þemað *lýðheilsa* og áhugavert að lesa um þau verkefni sem unnin hafa verið. Sérlega vel var staðið að tengingu við aðalnámskrá en markmið verkefnisins á tímabilinu tengjast vel grunnþáttum aðalnámskrár, sérstaklega heilbrigði og velferð en einnig jafnrétti, lýðræði og mannréttindum og sjálfbærni. Sjálfbærni tengist í raun öllum grunnþáttum aðalnámskrár og því tilvalið að tengja starfið við grunnþættina. Verkefnið sem fylgdi var fræðandi og skemmtilegt og hvetur til sköpunar og læsis auk ofantalinna þátta.

## 6. Að upplýsa og fá aðra með

Hér var gaman að sjá hvernig skólinn tengdist fjölskyldum nemendanna með því að senda spurningalista heim og vekja þannig foreldra til umhugsunar og hvetja til umræðu um málefni. Gaman verður að sjá niðurstöður spurningalistans. Þetta er mikilvægur liður í sjötta skrefinu, þ.e. að tengjast heimilunum. Fín umfjöllun um verkefnið á heimasíðu skólans og gaman að lesa fundargerðirnar. Það að fundirnir séu haldnir í skólanum er mikilvægur liður í tengingunni við nærsamfélagið. Hægt væri að bæta tengingu enn frekar með verkefnum þar sem fólk í nærsamfélaginu fær að kynnast skólanum enn betur s.s. með því að skreyta fallega tréð sem þið eigðið með laufblöðum frá bæjarbúum, líkt og við ræddum á fundinum.

## 7. Umhverfissáttmáli

Umhverfissáttmáli leikskólans er mjög góður. Gaman að hann skiptist í texta, sem starfsfólk tileinkar sér, skilur og leiðir börnin í gegnum – og lag, sem allir, bæði nemendur og starfsmenn, geta sungið saman og tileinkað sér.

### **Heildarútkoma:**

Skólinn stendur sig mjög vel í vinnu við verkefnið, bæði með markmiðin og skrefin sjö. Skólinn hefur jafnframt staðið sig vel í að innleiða Grænfánann í Brimveri og eru skólarnir samstíga í allri vinnu við verkefnið. Jákvæðni og vilji til að gera vel var mjög einkennandi á báðum stöðvum.

### **Að lokum:**

Þið hafið náð þeim góða árangri að fá Grænfánann afhentan á Æskukoti í þriðja sinn og Brimveri í fyrsta sinn.

Innilega til hamingju með það!

Þegar þið hafið fundið dag til afhendingar þá hafið þið samband.

Við óskum ykkur góðs gengis í áframhaldandi vinnu við Grænfánaverkefnið og hvetjum ykkur til að hafa samband við okkur ef eitthvað er óljóst. Við erum boðin og búin að aðstoða ykkur við alla þætti verkefnisins og getum mætt til ykkar á fund ef þess er óskað.

Bestu kveðjur,

Katrín Magnúsdóttir  
verkefnisstjóri *Skóla á grænni grein*